

REGLUGERÐ

um úthlutun veiðiheimilda á Flæmingjagrunni.

1. gr.

Frá 1. janúar 1997 er íslenskum skipum óheimilt að stunda rækjuveiðar á deilissvæði 3M (Flæmingjagrunni), sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 676, 28. desember 1995, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Á árinu 1997 er Fiskistofu aðeins heimilt að veita íslenskum fiskiskipum leyfi til rækjuveiða á deilissvæði 3M hafi þau stundað slíkar veiðar um einhvern tíma á árunum 1993, 1994, 1995 eða 1996, og útgerð þeirra hafi skilað skýrslum um þær veiðar til Fiskistofu.

2. gr.

Hverju íslensku fiskiskipi, sem á kost á veiðileyfi samkvæmt 1. gr., skal reiknuð aflahlutdeild í rækju, sem úthlutað er samkvæmt reglugerð þessari, og skal aflahlutdeild hvers skips byggð á veiðireynslu þess, miðað við þrjú bestu veiðiár þess árin 1993, 1994, 1995 og 1996. Þó skal, sbr. 11. mgr. 6. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 5% heildar kvótans úthlutað til þeirra skipa einna, sem rækjuveiðar stunduðu á árunum 1993 og 1994 og skal miðað við afla beggja árana.

3. gr.

Á árinu 1997 er þeim íslensku skipum, sem veiðileyfi fá á deilissvæði 3M, sbr. 1. gr. heimilt að veiða samtals 6.800 lestin af rækju. Fiskistofa skal skipta því heildarmagni milli einstakra fiskiskipa á grundvelli aflahlutdeildar hvers skips sbr. 2. gr.

4. gr.

Úthlutun aflahlutdeildar, samkvæmt reglugerð þessari, er bundin því skilyrði að útgerð skips afsali sér aflahlutdeild, sem úthlutað er á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem nemi 4% af þeirri rækjuhlutdeild, sem þeim er úthlutað á árinu 1997 samkvæmt reglugerð þessari. Frádráttur aflahlutdeildar reiknast á grundvelli verðmætastuðuls, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 362/1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997, miðað við leyfilegan heildarafla yfirstandandi árs, en frádráttur kemur til framkvæmda 1. september 1997. Verðmætastuðull fyrir rækju á deilissvæði 3M er hinn sami og fyrir rækju, sem veidd er innan lögsögunnar. Þau skip, sem ekki hafa veiðiheimildir innan lögsögunnar, skulu sæta 4% skerðingu í úthlutun aflahlutdeildar í rækju á deilissvæði 3M.

5. gr.

Fiskistofa skal veita þeim skipum, sem rækjuveiðar stunda í janúar 1997, bráðbirgðaveiðileyfi. Afli, sem fæst í janúar 1997, reiknast til aflamarks skipsins á árinu 1997.

Fiskistofa skal fyrir 15. janúar 1997 senda útgerðum þeirra skipa, sem veiðireynslu hafa á ofangreindu viðmiðunartímabili, tilkynningu um bráðbirgðauðthlutun samkvæmt ofangreindum reglum og forsendur hennar. Útgerðir skulu fyrir 25. janúar 1997 tilkynna til Fiskistofu, hvort þær vilji nýta sér rétt til úthlutunar samkvæmt ofangreindum reglum og í hvaða tegundum aflahlutdeild verði skilað, sbr. 4. gr. Fyrir sama tímamark gefst þeim kostur á að koma athugasemdum á framfæri um bráðabirgðauðthlutunina.

Fyrir 1. febrúar 1997 skal Fiskistofa úthluta aflahlutdeild, aflamarki fyrir 1997 og endanlegum veiðileyfum.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Reglur laga nr. 38/1990 um flutning aflamarks milli ára og heimildir til breytinga milli tegunda gilda ekki um aflamark, sem úthlutað er í rækju samkvæmt þessari reglugerð.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast gildi 1. janúar 1997 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. desember 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Ólafsfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Ólafsfjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Ólafsfirði:

1. Biðskylda frá Vesturgötu inn á Hafnargötu er aflögð.
2. Biðskylda frá Kirkjuvegi inn á Hafnargötu er aflögð.
3. Bann við lögn bifreiða við Strandgötu er breytt þannig að bannað er að leggja bifreiðum við syðri brún frá húsi nr. 5 að húsi nr. 11.
4. Að færanlegar hraðahindranir verða settar á Aðalgötu sunnan Gunnólfsgötu, Ólafsvog við Ólafsvog 25 og á Hlíðaveg við hús nr. 43.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Ólafsfirði sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn í Ólafsfirði, 20. desember 1996.

Björn Rögnvaldsson.